



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 50 ára afmæli Egilsstaðabæjar
28. júní 1997**

Heiðruðu hátíðargestir, kærur Egilsstaðabúar.

Á fögrum sumardegum er okkur Guðrínu Katrínu ánægjuefni að fagna með ykkur merkur áfanga í sögu Egilsstaða og minnst alls þess góða fólks sem hér hefur skapað glæsilega byggð.

Sveitarfélagið hefur fylgt íslenska lýðveldinu á þroskabraut, æviskeið beggja álíka í árum, þótt lýðveldið hafi náð hálfri öld aðeins fyrr. Breytingarnar hafa hins vegar í báðum tilvikum verið byltingarkendar.

Úr fátæku samfélagi bændu og fiskimanna höfum við Íslendingar skapað háþróað og tæknivætt efnahagskerfi og eflt velferðarþjónustu sem er í samræmi við það besta sem þekktist í veröldinni.

Hér á Egilsstöðum blasir nú við fjölskrúðugt mannfélag sem á traustar rætur í alhliða atvinnulífi, vel búið að skólum, íþróttastöðu, söfnum og samgöngumannvirkjum. Það yrði örugglega upplit á þeim sem á millistríðsárunum fóru ríðandi hér um túngarðinn ef þau gætu samfagnað með okkur í dag. Það sem hér er nú hlyti í þeirra augun að líkjast undraveröld.

Árangurinn í uppbyggingu Egilsstaða er mikilvægt mótvægi í þeirri umræðu um byggðavanda á Íslandi sem einkennt hefur dagsskrárefni þjóðmálanna á undanförunum áratugum.

Vissulega hafa mörg byggðarlög háð harða glímu við fólksfækkun, fábreytt atvinnulíf og einangrun í samgöngum. Íbúum hefur víða fækkað ár frá ári og margir hafa misst trú á möguleikum landsbyggðar.

Það er þess vegna vert verulegrar athygli að á sama tíma hafa vaxið og eflst margir þéttbýlisstaðir í sveitum og breytt byggðamynstri landsins til hins betra.

Hér eru Egilsstaðir fremstir í flokki en einnig mætti nefna til þessarar jákvæðu þróunarsögu: Borgarnes og Hveragerði, Hvolsvöll og Hellu og þrennuna sem síðar á þessu sumri fagnar einnig merkjum afmælum: Selfoss, Sauðárkrók og Höfn, þótt í tveimur hinna síðasttöldu hafi sjávarútvegurinn nokkuð komið að liði.

Þróunarsaga þéttbýlisstaða sem eiga velgengi sína nábýlinu við landbúnaðarhéruð að þakka er verðugt viðfangsefni í þeirri miklu umræðu sem fram hefur farið um vanda landbúnaðar og landsbyggðar.

Árangur Egilsstaðabúa er í þessum efnum í senn lærdómsríkur og lofsverður. Á þessu tímabili hefur íbúafjöldinn rúmlega tuttugufaldast og atvinnulíf orðið fjölpættara byggist nú á framleiðslu, iðnaði, þjónustu og verslun. Öflugar menntastofnanir bjóða nýjum kynslóðum fjölpætt tækifæri. Skógrækt, skrudgarðar og snyrtimennska lýsa alúð og virðingu gangvart umhverfi og auðlindum náttúrunnar. Hátíðir tónlistar og skáldskapar, leiklistar og lita, efling safna og varðveislu muna og minja sýna ríkan metnað á sviði menningar og lista.

Egilsstaðabúar geta á þessum tímamótum glaðst yfir góðu verki. Saga sveitafélagsins er dýrmætt fordæmi, sönnun þess að byggðir landsins búa yfir miklum krafti, getu til að sækja fram til bættra lífshæðis og betra mannlífs.

Í umróti breytinga sem nú herja á heiminn allan eru einkum þrenns konar eiginleikar taldir öðrum fremri: Menntun, mannauður og náttúrugæði; forsendur hagsældar þjóða og byggðarlaga um langa framtíð.

Hinn nýi mælikvarði á framför og velgengi fellst í mannum sjálfum og umhverfi hans. Vígstaða til sóknar er í réttu hlutfalli við aðgang að þeim auðlindum sem úrslitum ráða í nýju hagkerfi heimsins.

Við slík vegamót á þróunarbraut gervalls mannkyns geta Egilsstaðabúar vissulega glaðst yfir að eiga í ríkum mæli þau verðmæti sem nú eru talin mikilvægust.

Einstæð náttúrufrægurð Héraðsins, dulúð Lagarfljóts, töfrar hálendis og fjallgarða í nágrenninu, samspilið við tign Austfjarða og mannlíf sjávarbyggða - allt gerir þetta Egilsstaði að heillandi áfangastað. Vandinn verður kannski mestur sá að vinna vel úr öllum þeim tækifærum sem nýir tímar færa ykkur í hendur.

Við hjónin óskum ykkur til hamingju með afmælið og lýsum aðdáun okkar á fjölbreytileika þeirra hátíðarhalda sem hér hafa verið eða eru í vændum.

Jasshátíð og Draumur á Jónsmessunótt, sjálfur Shakespeare og tóngestir vestan um haf og austan sýna hve alþjóðlega er hér hugsað á gleðidögum. Glæsilegt afmælisrit um sögu staðarins, frá býli til bæjar, ber vott um djúpa virðingu fyrir æviverki karla og kvenna sem gert hafa Egilsstaði að svo glæsilegri byggð.

Við þökkum ykkur fyrir að bjóða okkur til þessa fagnaðar og óskum ykkur allra heilla á framtíðarbraut.